

## FORSÆTISNEFND

Ár 2018, föstudaginn 6. apríl, var haldinn fundur nr. 234 í forsætisnefnd. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur, og hófst kl. 10:30. Viðstödd voru Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Halldór Auðar Svansson. Einnig sátu fundinn Magnús Már Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Helga Björk Laxdal og Linda Sif Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá aukafundar borgarstjórnar þann 10. apríl nk.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda, sbr. 19. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. mars
  - b) Tillaga Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um snjallsímabann, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 20. mars
  - c) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um eflingu innviða vegna rafbílavæðingar
  - d) Umræða um nýjungar í samgöngumálum
  - e) Umræða um aðgerðir í leikskólumálum
  - f) Umræða um þjónustukönnun Gallup fyrir sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
  - g) Umræða um þjónustukönnun Maskínu fyrir Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata)
  - h) Umræða um málefni Austurbæjar, Miðbæjar og Norðurmýrar
  - i) Kosning í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
  - j) Kosning í barnaverndarnefnd Reykjavíkur
2. Fram fer umræða um kjörna fulltrúa og Workplace.
  3. Fram fer umræða um borgarfulltrúa og boðun varamanna.
  4. Lagt fram svar velferðarsviðs, dags. 15. mars 2018, við fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, um kostnað vegna reksturs gistiskýlis fyrir húsnæðislauslausa karla, sbr. 13. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 6. febrúar 2018.
  5. Fram fer umræða um aðkomu kjörinna fulltrúa að málefnum barnaverndar Reykjavíkur.

### Fundi slitið kl. 11:29

Líf Magneudóttir

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Halldór Auðar Svansson